3000 tonna skip auðveldlega í höfn í Eyjum

Gert er ráð fyrir því, að 3000 tonna skip geti auðveldlega siglt í höfn í Vestmannaeyjum eins og innsiglingin er núna, að því er Magnús H. Magnússon bæjarstjóri tjáði okkur. Innsiglingin hefur aldrei verið betri en hún er í dag, og litlar breytingar þarf að gera á henni. Það helzta sem þyrfti að gera, væri að skafa örlítið úr botninum, eða dýpka hana örlítið.

Útlitið er því óneitanlega gott eins og málin standa í dag. Viðvíkjandi vatnsleiðslunni sem skarst í sundur á einum stað, þegar hraunrennsli var hvað mest til sjávar, þá er nú hægt að leggja hana frá þeim stað þar sem hún skarst upp á nýja hraunið og áfram, þannig að hún kæmi til með að liggja á landi í stað þess að verða lögð í innsiglinguna eins og áður. -EA.

STÖKK FYRIR BIFREIÐINA

— varð undir henni með fæturna

Drukkinn maður marðist á fótum eða jafnvel fótbrotnaði, þegar hann varð undir afturhjólum vörubifreiðar á Akureyri. Atburðurinn varð á Strandgötunni og hafði maðurinn stokkið út á götuna í veg fyrir bifreiðina, tekið þar nokkur spor í heimatilbúnum stríðsdansi og neytt hana til þess að nema staðar.

Hann lét þó af ólátunum eftir skamma stund og fór aftur upp á gangbrautina og taldi bifreiðastjórinn sig vera lausan úr vandanum.

En í því bili, sem bifreiðin fór af stað aftur, þá mun maðurinn hafa stokkið að hlið hennar og ætlað sér að ná taki á skjólborðinu á vörupallinum en fatazt stökkið og fallið í götuna.

Skipti það engum togum, afturhjól vörubifreiðarinnar fóru yfir báða fætur mannsins og marðist hann töluvert og jafnvel var talið að um fótbrot væri að ræða.

—ÓG

Bankarnir eignast sameiginlegan heila

Mikið hefur verið rætt um að nauðsynlegt væri að endurskipuleggja og sameina bankakerfið í landinu og meðal annars hefur nefnd, sem vann að athugun á því máli, komizt að þeirri niðurstöðu, að það ætti að gera og væri hægt.

Nýlega hafa allir bankar landsins ákveðið að koma á fót sameiginlegri rafreikni- eða tölvumiðstöð, þar sem unnið yrði að bókhaldi og skýrslugerð allra bankanna.

Samkvæmt upplýsingum Helga Bergs, bankastjóra, sem er formaður nefndar, sem unnið hefur að athugunum á þessu sviði, er málið á því stigi núna að leitað hefur verið tilboða í heppileg tæki, og auglýst hefur verið eftir framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Tilboð eru væntanleg inn þessa dagana og verður þá tekin ákvörðun um framgang málsins. Ætlunin er, að starfsemin hefjist í ársbyrjun 1975 og verði þá byrjað að taka yfir bókhald bankanna en það mun taka nokkurn tíma þangað til allt er komið í gang.

Ráðgert er að koma á símasambandi við öll útibú bankanna og yrði þá bókhald þeirra fært í tölvumiðstöðinni eftir hvern dag og væri síðan tilbúið næsta morgun í útibúinu.

Helgi Bergs sagði, að ljóst væri að slíkri sameiningu fylgdu margir kostir. Bæði væri stofn- og rekstrarkostnaður mun ódýrari en ella og auðveldara væri að fylgja eftir nýjungum á rafreiknisviðinu, sem væru mjög örar.

Að sögn Helga verður vafalaust komið á stöðugu sambandi milli tölvumiðstöðvarinnar og bankaútibúanna í framtíðinni. Þannig að hægt er að fá að vita reikningsstöðu hvers viðskiptamanns hvar sem hann er, á augabragði, en útbúnaður til þess væri mjög dýr og yrði ekki farið út í þær framkvæmdir strax hér á landi.

Allar þessar aðgerðir stefna að því að gera bankaviðskipti greiðari og öruggari og þess verður varla langt að bíða, að ekki sé til dæmis lengur hægt að gefa út tékka í einu bankaútibúinu og treysta á það, að hann komi ekki í bankann þar sem reikningurinn er fyrr en eftir nokkra daga. Bráðum verður það þannig, að búið verður að reikningsfæra tékkann löngu áður en hann sjálfur er kominn til útibúsins.

Þessar ungu stúlkur voru önnum kafnar við að færa upplýsingar af fylgiskjölum inn á gataspjöld, þegar við komum í rafreiknideild Landsbankans að Laugavegi 77. Þar fara daglega tugir þúsunda skjala og ýmissa pappíra í gegn og unnið er langt fram á kvöld til þess að allt geti verið tilbúið næsta morgun, þegar opnaðar eru afgreiðslur bankans.

„Yðar eintak af VÍSI"

— á Heimilissýningunni

Kínverski sendiherrann ásamt starfsmanni sínum við Vísis-deildina eftir opnunina í gærdag.

Sýningardeild Vísis í kjallara sýningarinnar HEIMILIÐ '73 vakti strax mikla athygli hinna fjölmörgu gesta, sem komu á sýninguna í gærkvöldi, en klukkan 6 var þegar biðröð við miðasölurnar.

Í fyrstu áttuðu gestir sig naumast á því, að þeim var boðið blaðið ókeypis, en áður en varði fóru menn að taka við blaðinu, sem í sífellu kom gegnum blaðarifu á hurðinni í forstofunni, en hugmyndin að bás Vísis er sú, að menn komi inn í forstofu þar sem blaðið er einmitt að renna inn um blaðarifuna inn til kaupandans. Svo hratt rann blaðið út, að menn voru farnir að skeggræða um, hvort hér mundi maður eða vél að verki innan veggja. Bein lína er á staðnum til áskriftardeildar og var strax líflegt í þeirri deild blaðsins í gærkvöldi.

Tvær þekktar sýningarstúlkur með Vísi í forstofunni á sýningunni, Unnur Arngrímsdóttir og Elísabet Guðmundsdóttir úr Módelsamtökunum.



Útvegsbanki Íslands

Reykjavík, 19 Kr.

Hinn 19 greiðið þér

mér undirrituðum eða þeim, sem ég vísa til, þannan einritaða víxil minn með krónum:

Greiðandi:

Víxillinn greiðist í Útvegsbanka Íslands Reykjavík

Snæfellsnes

— Utfyllist af seljanda —

Ég leyfi mér að óska þess, að ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS kaupi viðfestan

VÍXIL kr. með gjalddaga (dag - mán - ár)

Reykjavík, Endurnýjun á víxli kr.

Seljandi — NAFNNÚMER

Greiðandi —

Heimili Sími NAFNNÚMER

Útgefandi —

Heimili Sími NAFNNÚMER

Ábekingar — —

Greiðsluskilmálar

M T T1

Víxillinn kaupist: ÚTVEGSBANKI ÍSLANDS

NÝTT VÍXLAFORM

Hérna sjáum við nýtt víxileyðublað, sem Útvegsbankinn hefur tekið í notkun. Búið er að breyta lögun víxlanna þannig, að þeir komast auðveldlega í allar tegundir ritvéla og ekki er nauðsynlegt að taka þá úr ritvélinni, þegar útfylla á kaupbeiðnina.

KÁRI FYRSTUR MEÐ EINKASÝNINGU

„Þetta er stórglæsilegur salur, en þarf ægilega fyllingu", sagði Kári Eiríksson, listmálari, sem er að hengja upp 79 olíumálverk í Myndlistarhúsinu á Miklatúni. Kári verður fyrstur til að halda einkasýningu í þessum miklu salarkynnum, og væntanlega mun andi Kára svífa yfir vötnunum, þegar þeir forsetar Nixon og Pompidou koma til fundar í sama sal nokkrum dögum eftir sýninguna.

Sýning Kára verður opin í eina viku og verður ekki framlengt, m.a. vegna þess að toppfundurinn verður haldinn þar.

—JBP—